


**NÁMSKRÁ
FYRIR
ÖKUKENNARANÁM
TIL
ALMENNRA RÉTTINDA**




UMFERÐARSTOFA

febrúar 2005



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
kennitala: 550269 - 1639
sími: 545 8200, bréfsími: 562 1702,
netfang: postur@sam.stjr.is,
veffang: <http://www.samgonguraduneyti.is>

Umferðarstofa
Karl Ragnars
Borgartúni 30
105 REYKJAVÍK

Tilvísun:
SAM04050127/618
25. janúar 2005
BÁB/--

Í fylgiskjali með bréfi Umferðarstofu til samgönguráðuneytis, dagsett 23. desember 2004, er að finna nýja námsskrá ökukennaranáms til almennra ökuréttinda.

Ráðgjafarnefnd um tilhögun ökukennaranáms hefur lagt til þær breytingar á ökukennaranámi að kennslustundum fjölgi til muna frá því sem áður var og ný námsskrá og kennsluskrá endurspeglar þær breytingar. Samgönguráðuneytið óskaði umsagnar Umferðarráðs á fyrirhuguðum breytingum og í svari formanns Umferðarráðs, dagsett 20. janúar 2005, kemur fram að stjórn Umferðarráðs fagni þeirri endurskoðun á námsskrá sem nú hefur farið fram og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.

Með vísun til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327 1999, er með þessu bréfi staðfest ofangreind námsskrá fyrir ökukennaranám til almennra ökuréttinda og tekur hún þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi námsskrá sem staðfest var 13. janúar 1995.

Sturla Böðvarsson

Ragnhildur Hjaltadóttir

1. Námskráin

Námskrá þessi lýsir námi þeirra sem afla vilja sér þekkingar og hæfni til undirbúnings þess að fá löggildingu til að annast ökukennslu fyrir flokk B (fólksbifreið/sendibifreið), sbr. reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327/1999. Námið skal vera fræðilegt og verklegt.

Námskráin er sett af Umferðarstofu í samráði við Kennaraháskóla Íslands og Ökukennarafélag Íslands og staðfest af Samgönguráðherra.

Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands, í umboði rektors og skólaráðs, setur skilyrði um forkröfur og inntöku ökukennaranema.

Námskrá þessi kemur í stað námskrár fyrir ökukennaranám sem staðfest var af dómsmálaráðuneytinu 13. janúar 1995.

2. Markmið

Námið skal miða að því að tryggja að ökukennaranemi öðlist þekkingu og þjálfun til að geta skipulagt og undirbúið ökukennslu, sem og annast kennslu, með tilliti til hæfni, getu og þarfa ökunema.

Ökukennaraneminn skal öðlast staðgóða þekkingu á flestum sviðum umferðarfræða og kennslufræðilega þekkingu og hæfni til að miðla þessari þekkingu til annarra.

Neminn á að geta ekið af öryggi og framsýni og vita hvernig best sé staðið að færniþjálfun. Hann á ennfremur að vera meðvitaður um nauðsyn þess að vera góð fyrirmynd.

Þannig skal áhersla lögð á að ökukennaranemi öðlist staðgóða þekkingu á sviði umferðarmála og færni í að beita og miðla henni. Fagleg þekking á sviði umferðarfræða og færni á sviði kennslufræða og þjálfunar verður því ætíð að fara saman.

Í náminu á m.a. að leggja áherslu á að neminn:

- þekki helstu viðfangsefni uppeldisvísinda og skilji þau hugtök sem notuð eru og kunni að beita viðurkenndum og árangursríkum vinnuaðferðum sem notaðar eru í kennarastarfi,
- sé fær um að skynja, skilja, meta og útskýra umferð á sjálfstæðan hátt í samræmi við gildandi reglur og viðurkenndar góðar starfsaðferðir,
- þekki og skilji til hlítar lög, reglur og námskrár er lúta að umferð, ökutækjum, akstri þeirra og ökuréttindum,
- öðlist haldgóða þekkingu á ökutækjum í B-flokki ökuréttinda og skilning á virkni þeirra. Hann geti miðlað skilningi á nauðsyn þess að þau séu ávallt í öruggu og lögmætu ástandi og kunnáttu í umhirðu þeirra. Hann þekki einnig hvernig bregðast skuli við bilun eða göllum sem upp geta komið,
- þekki og kunni að beita ákveðnum aðferðum við öflun og miðlun þekkingar,
- þekki þá þætti sem hafa áhrif á mótun einstaklinga,

- öðlist skilning á sjálfum sér í mannlegum samskiptum og kunni að koma þannig fram að hann hafi jákvæð áhrif á þekkingu, getu og viðhorf annarra,
- kynnist starfi ökukennara í ökuskóla og fái þjálfun í starfi,
- kynnist starfi ökukennara í aksturskennslu og fái þjálfun í slíkri kennslu,
- þekki til skipulags umferðarmála og viti hver annist sérhvern þátt,
- geti ekið ökutæki í umferð af öryggi, framsýni og tillitssemi í samræmi við gildandi reglur og góðar venjur,
- viti hvað felst í fagmennsku í starfi og þá sérstaklega í ökukennslu, umferðaröryggisstarfi og forvarnarstarfi,
- þekki nauðsynlegar reglur um bókhald og reikningsskil,
- þekki til skyndihjálpar almennt og sérstaklega miðað við aðstæður sem geta skapast í tengslum við umferð,
- þekki atriði er lúta að vinnuvistfræði í tengslum við dæmigert vinnuumhverfi ökukennara og
- starfi af fagmennsku, ábyrgð, nærgætni og tillitssemi gagnvart skjólstæðingum sem til hans kunna að leita.

3. Kennsluskrá

Kennsluskrá skal unnin á grundvelli námskrár þessarar, sbr. 4. gr. reglugerðar um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327/1999.

4. Námsmat

Ökukennaranemi sem lokið hefur ökukennaranámi skal gangast undir ökukennarapróf sbr. 1. og 5. gr. ofangreindrar reglugerðar.

Nemi þarf að fullnægja reglum um tímasókn, úrlausn verkefna og námsárangur á námstímanum til að mega ljúka námi með prófi eða öðru námsmati skv. nánari ákvæðum í kennsluskrá og gangast undir lokapróf.

4.1 Lokapróf ökukennara

Árangur á lokaprófi er metinn með einkunn frá 0 til 10. Til að standast ökukennarapróf þarf nemi að ná lágmarkseinkunninni 7 í hverri prófgrein. Nái próftaki ekki lágmarkseinkunninni 7 má hann reyna aftur við prófið einu sinni. Verklegt lokapróf er með þátttöku prófdómara sem tilnefndir eru af Kennaraháskóla Íslands og Umferðarstofu.

4.1.1 Fræðilegt próf í kennslufræði og sálfræði

Nemi á að skila einu skriflegu verkefni. Verkefnið á að fjalla um málefni ökukennslu skv. nánari skilgreiningu í kennsluskrá. Tengja á verkefnið við raunverulegar aðstæður.

4.1.2 Fræðilegt próf í umferðarfræði

Nemi á að skila einu skriflegu verkefni. Í kennsluskrá er verkefnið skilgreint nánar og kröfur til þess.

4.1.3 Próf í fræðilegri kennslu

Nemi skal í kennslustofu kenna efni sem lýst er í námskrá fyrir almenn ökuréttindi. Í kennsluskrá er verkefnið skilgreint nánar og kröfur til þess.

4.1.4 Próf í ökukennslu í bifreið

Nemi skal í löggiltri kennslubifreið kenna efni sem lýst er í námskrá fyrir almenn ökuréttindi. Í kennsluskrá er verkefnið skilgreint nánar og kröfur til þess.

4.1.5 Verklegt próf, akstur í umferð

Nemi þreytir verklegt próf í akstri.

Leggja á mat á öryggi, yfirsýn og fylgni við reglur skv. nánari skilgreiningu í viðmiðunarkvarða.